

Þemadagar í Grunnskóla Grindavíkur

25. – 27.nóvember



Fjölmenning – Ýmsar þjóðir

Á miðvikudag hefst þemadagar í skólanum. Öllum nemendum skólans er skipt upp í aldursblandaða hópa, sem vinna ýmis verkefni tengd eftirfarandi þjóðum: Tælandi, Filíppseyjum, Ítalíu, Portúgal, Póllandi, Skotlandi, Japan, Serbíu, Færeyjum, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Króatíu, Írlandi og Suður Afríku. Í skólanum eru nemendur af þessum þjóðernum og eru þeir í viðeigandi hópum.

Skóladagur hefst hjá öllum kl. 8.00 en heimferð er mismunandi þar sem nemendur fara heim að loknum hádegismat. Þessa daga er einungis þemavinna, öll önnur kennsla fellur niður.

Nemendur þurfa að mæta með pennaveski, liti, skæri og lím til að nota þessa daga.

Matartímar eru eftirfarandi:

	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
11:30 – 11:50	Hópar 1 -9	Hópar 10 – 17	Hópar 18 - 26
11:50 – 12:10	Hópar 10 – 17	Hópar 18 - 26	Hópar 1 -9
12:10 – 12.30	Hópar 18 - 26	Hópar 1 -9	Hópar 10 – 17

Skólasel er opið frá kl. 11:50 fyrir þá nemendur sem þar eru.

Nemendur koma með nesti þessa daga eins og venjulega og þurfa að vera þannig klæddir að þeir geti farið í útivist.

Nemendaráð mælist til þess að allir klæði sig upp í tilefni þemadaganna og er þeirra tillaga sú að á miðvikudag klæðist allir náttfötum, á fimmtudag litríkum fötum og á föstudag íþróttafötum.

Laugardaginn 28.nóvember er sýning á afrakstri þemadaganna kl. 10.00 – 13.00.

Á sama tíma er jólaföndur Foreldrafélagsins og væntum við þess að nemendur og foreldrar láti sjá sig.